

## Skýrsla stjórnar Ferðafélags Íslands fyrir starfsárið 2021

Flutt á aðalfundi félagsins þann 24. mars 2022

Kæru félagsmenn

Verið hjartanlega velkomin á þennan aðalfund Ferðafélags Íslands. Það er ánægjulegt að geta staðið hér á þessum fyrsta aðalfundi mínum sem forseti Ferðafélagsins og sagt ykkur frá þeim frábæra árangri sem náðist í rekstri félagsins á síðastliðnu ári.

Árið 2021 var annað árið í heimsfaraldri þegar Covid-19 herjaði á samfélag manna. Eins og alkunna er hefur Covid haft mikil áhrif á líf fólks og aðstæður, þar með talið á alla atvinnustarfsemi og þá sérstaklega ferðaþjónustu. Þannig var starfsemi Ferðafélags Íslands háð miklum breytingum og óvissu og stöðugt unnið við nýjar aðstæður og breytingar á reglum. Félagið nýtti sér þau úrræði sem stjórnvöld buðu upp á til stuðnings ferðaþjónustu og atvinnulífi. Þessar aðstæður hafa sannarlega verið krefjandi, reynt mikið á aðlögunarhæfni starfsfólks og haft áhrif á allt starf félagsins.

Ferðafélag Íslands hefur lagt sig fram um að sýna mikla ábyrgð í starfi og fylgt sóttvarnarreglum í öllum rekstri sínum, bæði í ferðum, skálum og öðru starfi. Þá hefur verið ómetanlegt að þátttakendur í ferðum og gestir í skálum hafa lagt sitt af mörkum og fylgt reglum og lagað sig að breytingum og óvissu í starfinu.

Vegna þessarar óvissu var lögð áhersla á að fresta öllum stórum og kostnaðarsömum verkefnum og sýna mikið aðhald í öllum útgjöldum en um leið leita allra leiða til sóknar.

Þrátt fyrir krefjandi aðstæður hefur Ferðafélagið notið margvíslegra jákvæðra áhrifa vegna Covid-19. Þannig hefur félagsmönnum fjölgað um 2.000 á þessum tveimur árum og eru nú að nálgast 11.000 greiðandi félagsmenn og hafa þeir aldrei verið fleiri. Að sama skapi hafa landsmenn ferðast meira innanlands og minna erlendis en áður og þátttaka í ferðum félagsins hefur aldrei verið meiri. Þar má sérstaklega nefna fjalla- og hreyfiverkefni félagsins en félagið hélt úti 25 slíkum verkefnum á árinu, langflestum fullbókudum. Þannig eru fleiri hundruð manns áskrifendur að reglulegum fjallgöngum eða útivistaræfingum. Samanlagt var fjöldi þátttakenda í slíkum ferðum nálægt 35.000 í 540 brottförum.

Ferðaáætlun félagsins kom út í upphafi árs 2021, að þessu sinni í stafrænni útgáfu, og var henni vel tekið af félagsmönnum og bókaðist strax vel í ferðir og verkefni. Sigrún Valbergsdóttir, formaður ferðanefndar, hefur leitt þá vinnu af stakri snilld og útsjónarsemi, meðal annars með þeim áherslum að félagið hefur í auknum mæli boðið upp á nýjar ferðir og birt með skömmum fyrirvaraá netinu. Heiðrún Meldal ferðafulltrúi og starfsmenn skrifstofu FÍ hafa staðið þétt við bakið á ferðanefnd og fararstjórum og annast alla daglega umsýslu við ferðir og verkefni. Á árinu stóð félagið fyrir fjölda ferða, sumarleyfisferðum, helgarferðum, dagsferðum, skíðaferðum, ferðum með Ferðafélagi barnanna og FÍ Ung og fyrrnefndum 25 fjalla- og hreyfiverkefnum. Um sjötíu fararstjórar og 15 umsjónarmenn verkefna komu að þessum ferðum og verkefnum og unnu sína vinnu af alúð.

Þessi góða þátttaka í ferðum og verkefnum félagsins kemur greinilega fram þegar rekstur félagsins er skoðaður en þar sést að tekjur jukust um 30% frá árinu áður eins og Steingerður fjár-málastjóri félagsins mun fara yfir með okkur á eftir.

Ólafur Örn Haraldsson, fyrrverandi forseti félagsins, skrifaði árbók FÍ 2021 og fjallaði hún um Laugavegin og nágrenni. Ritstjóri var Gísli Már Gíslason sem jafnframt er formaður ritnefndar sem í eru einnig þau Guðrún Kvaran og Eiríkur Þormóðsson. Heimasíða félagsins er mikið heimsótt, sérstaklega á vorin og yfir sumartímann. Tölvufréttapóstur FÍ er sendur út frá skrifstofu einu sinni í viku með fréttum af ferðum og félagslífi. Á sjöunda þúsund manns eru nú á póstlistanum. Félagslíf FÍ samanstendur af vinnuferðum í skála, námskeiðum, myndakvöldum og starfi nefnda af ýmsu tagi og síðast en ekki síst ferðum. Á vormánuðum 2021 voru haldin ýmiss konar námskeið, eins og t.d. öryggisnámskeið á jöklum, GPS-námskeið, námskeið í vetrarfjallamennsku, ljósmyndanámskeið og skyndihjálparnámskeið.

Mikið og gott starf var hjá mörgum deildum félagsins sem starfa í anda félagsins og eftir sömu markmiðum. Deildafundur FÍ er haldinn á tveggja ára fresti, næst vorið 2022.

Málefni sem snúa að einelti og kynferðislegri áreitni hafa verið fyrirferðarmikil í þjóðfélaginu undanfarin misseri. Örfá slík mál hafa komið upp í starfi félagsins og hefur því verið sett þó nokkur vinna í að skapa sterkari umgjörð utan um þann málaflokk en við höfum haft. Slík mál geta í eðli sínu verið erfið og auk þess haft veruleg áhrif á ímynd og orðspor félaga eins og FÍ. Því skiptir miklu máli að hafa sterka umgjörð til að fást við slík mál. Útbúin hefur verið stefna fyrir félagið þegar kemur að þess háttar málum og er hún aðgengileg á heimasíðu félagsins. Einnig hefur verið útbúin viðbragðsáætlun, þar sem farið er yfir hvernig félagið tekur á slíkum málum. Vonandi verður ekki ástæða til að nýta þá viðbragðsáætlun oft á komandi árum en félagið er í það minnsta tilbúið ef slíkt kæmi upp og mun þá taka á slíkum málum af festu.

**Skagfjörðsskáli** í Langadal var opnaður í byrjun maí, skálar félagsins að Fjallabaki voru opnaðir um miðjan júní og í Nýjadal var opnað um mánaðamótin júní-júlí. Opnunarferðir í skálana á Kili voru farnar upp úr miðjum júní. Einnig var farið í vinnuferð í Hornbjargsvita um miðjan júní og skálaverðir voru mættir að Valgeirsstöðum í Norðurfirði í byrjun júní.

Almennt má segja að rekstur, þjónusta og viðhaldsvinna við skála félagsins hafi gengið vel á síðasta ári. Meðal verkefna sem ráðist var í má nefna eftirfarandi:

- Í **Skagfjörðsskála** í Langadal var áfram unnið að rafmagnsvæðingu á svæðinu og eru rafvæðing og orkuskipti í Langadal nú langt komin. Þá voru settar upp hleðslustöðvar fyrir rafbíla, bæði í Langadal og Húsadal. Einnig var sett upp viðbótarhús fyrir skálaverði sumarið 2020 og voru húsin tengd saman síðastliðið sumar. Smíðuð var ný brú yfir Krossá og eru þá tvær nýjar veglegar brýr yfir ána frá félaginu sem nýtast ferðalöngum vel.

Unnin hefur verið ítarleg greining á ásigkomulagi Skagfjörðsskála og er niðurstaðan sú að mygla er víða í húsinu og burðarvirkið svo til allt ónýtt þannig að ekki borgar sig að fara í lagfæringar á húsinu. Þess í stað er ætlunin að reisa nýtt hús á núverandi stað, með núverandi ytra útliti gamla skálans en með nýju skipulagi innan dyra. Veglegur styrkur úr Pokasjóði hefur verið nýttur í þær framkvæmdir sem nú þegar er búið að vinna og verður nýttur upp í kostnaðinn við að reisa nýjan skála. Stefnt er að því að stærstum hluta þessara framkvæmda verði lokið á næstu 2-3 árum.

- Í **Botnaskála** á Emstrum var ráðist í viðgerðir á skemmdum sem urðu á kamrinum og salernishúsi í miklu vetrarveðri sem gekk yfir þá um veturinn.
- Á komandi sumri er stefnt að því að endurnýja salernishús í Hvanngili.
- Margs konar viðhaldsvinna var unnin á skálanum við **Álftavatn**;
- og sömuleiðis í **Hrafninnuskeri**. Þar er eilífðarverkefni er að halda vatnsbólínu við. Talsverð vinna hefur verið lögð í hönnun á nýju salernishúsi fyrir Hrafninnusker og er verið að skoða næstu skref í því máli. Sótt var um endurnýjun á byggingarleyfi og framkvæmdaleyfi fyrir skjólhúsi sem hefur verið í undirbúningi frá 2018. Umsóknunum var svarað jákvætt í lok september og verður ráðist í verkefnið næsta sumar. Einnig verður farið í að breyta kojum og skipulagi í gistiálmum á jarðhæð og endurnýja gólfefni.
- Í **Landmannalaugum** var afgreiðslan endursmíðuð til að bæta aðstöðu fyrir upplýsingar og sölu og ýmislegt var lagfært í salernishúsinu. Mikilvægt er að ráðast í endurbætur á rafmagnsmálum og einnig liggur fyrir að fara þarf í viðhaldsvinnu vegna vatnsveitu, skipta um vaska á tjaldstæði og bæta aðstöðu tjaldgesta almennt.
- Í **Baldvinsskála** var skipt um þrýstijafnara við gaskúta og gaslagnir lagfærðar auk þess sem haldið var áfram að athuga vatnslind en félagið hefur áhuga á að nýta vatnslind á svæðinu og koma með því rennandi vatni í skálann til að auka þægindi í skálanum.
- Haustið 2020 var nýtt hús flutt í **Nýjadal** sem notað er sem skálavarða- og landvarðarhús og þurfti að gera talsverðar breytingar á húsinu. Fjöldmörg verkefni bíða næsta sumars en félagið fékk veglegan styrk frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til að bæta aðstöðu í Nýjadal.
- Í **Hvítárnesskála**, elsta skála félagsins, var skipt um suðurvegg á húsinu, kojur endursmíðaðar og að lokum var grjóthleðslan við húsið endurhlaðin. Er þá lokið að endurhlaða báðar grjóthleðslur við húsið og endurnýja báða veggj þess. Næsta verkefni er síðan að lagfæra klæðningu innanhúss sem og að gera hleðslu við vatnstökustað og reisa skjólhús yfir tank.
- Á **Hlöðuvöllum** var farið í opunar- og lokunarferðir sem og fyllt í vatnstanka en annars hefur nýuppgert hús þar staðið fyrir sínu. Sömu sögu má segja um **Hagavatnsskála**, **Þverbrekknámúlaskála** og skálann í **Þjófadölum** en þangað var farið í opunar- og lokunarferðir en annars var þar lítið um framkvæmdir.
- Í upphafi árs 2020 varð stórtjón á **Valgeirsstöðum** í Norðurfirði þegar þakið f auk af húsinu í ofsavæðri sem gekk yfir landið. Viðgerðir á húsinu hófust þá um sumarið og var nýtt þak sett á og allt rífið úr húsinu. Þriðja og síðasta áfanga uppbyggingarinnar lauk svo á vordögum 2021 og er húsið nú eins og nýtt.

Stjórn, ásamt starfsfólki á skrifstofu og nokkrum lykilaðilum, fór í stefnumótunarvinnu á haustdögum sem Þórey Vilhjálmstöttir leiddi. Á meðal þess helsta sem fram kemur í stefnu til næstu fjögurra ára eru áherslur á endurnýjun skála, meðal annars Skagfjörðsskála og byggingu nýrra skála við Álftavatn og í Botnum á Emstrum. Samfara þessu þarf að vinna betri fjárhags- og fjárfestingaráætlun þar sem lagt er mat á kostnað við viðhalds- og nýbyggingaáform einhver ár fram í tímann. Einnig er áhersla lögð á stafræna þróun í sölukerfi. Einnig er stefnt að sem mestri rafrænni útgáfu og verið er að skoða flutning árbókar á rafrænt form og á Storytel. Við stefnum á að

ferðaáætlunin verði meira „fljótandi“ og síkvik eftir árstíðum og að áfram verði unnið að fjölgun félagsmanna með fjölbreyttum ferðum og aukinni áherslu á jaðartímabil. Loks eru uppi hugmyndir að útivistarráðstefnu sem FÍ stæði fyrir, svo að nokkur dæmi séu tekin úr stefnunni.

Staða félagsins hefur sjaldan verið sterkari. Sá mikli fjöldi félagsmanna sem tekist hefur að fá í félagið með öllum þeim spennandi verkefnum og ferðum sem ég hef fjallað um hér að framan tryggir sterkan grunn fyrir félagið á komandi misserum. Þegar slaknar á Covid getum við enn fremur reiknað með að aukinn fjöldi erlendra ferðamanna sækji Ísland heim og við getum búist við að fá okkar skerf af þeim ferðamönnum í skála félagsins. Það er því engin ástæða til annars en bjartsýni.

Ofan á þetta er sjóðstaða félagsins óvanalega sterk, sem skýrist að hluta af þeirri miklu þátttöku í ferðum og verkefnum sem ég hef fjallað um að framan auk styrksins úr Pokasjóði sem ég minntist á áðan. Steingerður mun fara betur yfir þessa sterku stöðu þegar hún fer yfir efnahagsreikning félagsins.

Þrátt fyrir þessa sterku stöðu eru líka áskoranir. Ein af okkar stærstu áskorunum undanfarin ár hefur verið viðhald á skálum félagsins en rekstur félagsins hefur ekki staðið undir nauðsynlegu viðhaldi. Þannig hefur safnast upp nokkur viðhaldsþörf sem nauðsynlegt er að ná niður á komandi árum. Ekki er nægjanlegt að horfa einungis til rekstrar félagsins til að fjármagna það viðhald. Við munum halda áfram að leita styrkja til slíkra verkefna eins og gert hefur verið en meira þarf til.

Í því skyni hefur stjórn félagsins hug á að skoða þann valkost að selja húsnæði félagsins í Mörkinni og nota það fé sem myndi fást af þeirri sölu í auknar fjárfestingar í sæluhúsum og öðrum innviðum. Það var mikil framsýni þegar félagsmenn tóku sig saman og ákváðu að reisa það húsnæði sem við stöndum í í dag. Þessi framsýni hefur skapað gríðarleg verðmæti fyrir félagið. Það má þó segja að vissir hlutar húsnæðisins nýtast félaginu í dag ekki sem skyldi. Félagið þarf t.d. ekki nauðsynlega að eiga þennan stóra veislusal og það sama má segja um ýmis önnur rými hússins. Við ætlum því t.d. að skoða hvort að það borgi sig að selja Mörkina í heild sinni eða hvort það sé betra að halda skrifstofunni og selja hluta eignarinnar. Andvirði mögulegrar sölu mætti síðan nýta til þess að vinna á uppsafnaðri fjárfestingarþörf vegna sæluhúsa félagsins. Við teljum rétt að greina félagsmönnum frá þessum hugmyndum, þannig að þær komi ekki á óvart.

Á ári hverju eru fjölmargir, bæði félagsmenn og aðrir, sem leggja starfi félagsins lið. Öflugt sjálfbodaliðastarf hefur í áratugi borið uppi starf Ferðafélags Íslands. Sjálfbodaliðastarf hefur þannig lagt grunninn að sterkri fjárhagslegri og félagslegri stöðu félagsins en FÍ er eitt stærsta og öflugasta félag landsins. Sjálfbodaliðar á vegum félagsins, og þar með allra deilda þess, hafa á mörgum undanförunum áratugum byggt upp skála og gönguleiðir sem eru öllum opnar. Sjálfbodaliðastarfið er þannig ómetanlegt í starfsemi félagsins og mikilvægt er að standa vörð um allt það starf sem félagsmenn og sjálfbodaliðar vinna. Öllum þeim fjölmörgu sem lagt hafa félaginu lið á árinu er þakkað fyrir þeirra góðu vinnu og ánægjulegt samstarf.

Tíu stjórnarfundir voru haldnir á árinu og vil ég þakka félögum mínum í stjórn fyrir samstarfið á liðnu ári.

Það er ekki sjálfgefið að félag nái þessum árangri sem við höfum náð á árinu með allar þær áskoranir sem Covid hefur lagt á okkur. En það tókst og það vegna þess að allt starfsfólk lagði gríðarlega hart að sér til að þetta gengi allt saman upp. Ég vil því þakka starfsfólki og stjórnendum félagsins sérstaklega fyrir þeirra frábæra starf við afar krefjandi aðstæður. Að lokum vil ég þakka félögum fyrir áframhaldandi stuðning við okkar frábæra félag.